
1990 nr. 46 8. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum

Tóku gildi 31. maí 1990.

■ **1. gr.**

- Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd

samning milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 7. desember 1989 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.¹⁾

¹⁾ *Sjá Stjórn. A 1990, bls. 77–84.*

■ **2. gr.**

- Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi. . . .

■ **3. gr.**

- Lög þessi öðlast þegar gildi.